



**UST**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2008


Tilvísun: UST20080400096/tb

### **Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum**

Vísað er í bréf frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 10. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum, 486. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við framangreint frumvarp. Stofnunin vill þó benda á að í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir 250 millj. kr. til umhverfisaðgerða og uppbyggingar þjóðgarða og telur Umhverfisstofnun að skoða þurfi mjög vandalega hvernig slíkum fjármunum er varið, ef frumvarpið verður samþykkt, og leggur áherslu á að þeim sé fyrst og fremst varið þannig að þeir gagnist náttúru- og umhverfisvernd að fullu. Með þessu á Umhverfisstofnun við að fjármununum sé varið til m.a. aðgerða sem hafa það að markmiði að fyrirbyggja skaða á náttúrunni, endurheimta náttúruverðmæti eða til fræðslu um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Förstjóri

  
Trausti Baldursson